

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi í miðbæ Keflavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 4. janúar 1996 staðfest endurskoðun á deiliskipulagi miðbæjarreits nr. 5 í Keflavík.

Breytingin varðar tvær lóðir við Aðalgötu, þ.e. nr. 1 og 5, á þann veg að notkun þeirra breytist úr 2-ja hæða verslunar- og þjónustubyggingum í 3-ja til 4-ja hæða fjölbýlishús.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 4. janúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.